

**Nd. 367. Frumvarp til laga [188, mál]**

um breyting á lögum nr. 59/1969, um tollheimtu og tolleftirlit.

Flm.: Ingvar Gíslason, Lárus Jónsson, Heimir Hannesson.

1. gr.

4. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Auk aðaltollhafna eru í eftirtöldum kaupstöðum og kauptúnum tollhafnir samkvæmt lögum þessum:

- |                   |                  |                       |
|-------------------|------------------|-----------------------|
| 1. Borgarnes      | 8. Bolungarvík   | 15. Raufarhöfn        |
| 2. Ólafsvík       | 9. Hólmavík      | 16. Vopnafjörður      |
| 3. Stykkishólmur  | 10. Hvammstangi  | 17. Reyðarfjörður     |
| 4. Patreksfjörður | 11. Blönduós     | 18. Fáskrúðsfjörður   |
| 5. Þingeyri       | 12. Sauðárkrókur | 19. Djúpavogur        |
| 6. Flateyri       | 13. Ólafsfjörður | 20. Höfn í Hornafirði |
| 7. Suðureyri      | 14. Dalvík       | 21. Þorlákshöfn       |

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt sérstakri beiðni bæjarstjórnar Dalvíkurkaupstaðar í samráði við þá alþingismenn Norðurlandskjördæmis eystra, sem sæti eiga í efri deild, þ. e. Jón G. Sólnes, Stefán Jónsson og Inga Tryggvason.

Frumvarpið gerir ráð fyrir þeirri breytingu einni, að Dalvíkurkaupstaður verði tekinn í tölu tollhafna þeirra, sem getur í 4. mgr. 7. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit. Sýnist sú skipan eðlileg eins og á stendur. Er augljóst hagræði að því fyrir dalvíkinga að eiga þess kost að fá tollafgreidd skip á Dalvík, og mundi það yfirleitt spara útgerð skipa þaðan fé og fyrirhöfn. Hins vegar verður ekki séð, að samþykkt þessa frv. leggi sérstakar fjárhagsbyrðar á ríkissjóð, því að ekki er af flm. hálfu gert ráð fyrir ráðningu tollgæslumanns í þessu sambandi, heldur yrði um að ræða þjónustu starfandi tollgæslumanna í nágrenni, t. a. m. á Akureyri, ellegar að lögreglumenn staðarins ræktu þetta starf, sem virðist vel mögulegt, ef rétt er að verið.